



BA ritgerð

Almenn bókmenntafræði

Kona samfélagsins

Greining á leikritinu *Hvað er í blýhólknunum?* eftir Svövu Jakobsdóttur

Birgitta Björk Bergsdóttir

Leiðbeinandi Magnús Þór Þorbergsson
október 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

Kona samfélagsins

*Greining á leikritinu Hvað er í blýhólknum? eftir Svövu
Jakobsdóttur*

Ritgerð til B.A.-prófs

Birgitta Björk Bergsdóttir

Kt.: 231295-2759

Leiðbeinandi: Magnús Þór Þorbergsson

september 2020

Ágrip

Hvað er í blýhólknum? er leikrit eftir rithöfundinn Svövu Jakobsdóttur en það er tímamótaverk sem kemur út árið 1970. Verkið er heimildarleikrit og ádeila á stöðu kvenna á Íslandi á seinni hluta tuttugustu aldarinnar. *Hvað er í blýhólknum?* rekur ævi húsmóðurinnar Ingu og baráttu hennar fyrir eigin menntun í heimi kapítalísks karlaveldis á Íslandi. Í þessari ritgerð verður stiklað á stóru yfir höfundarverk Svövu og þá sérstaklega sviðsverk hennar. *Hvað er í blýhólknum?* verður í forgrunni en það verður skoðað með hliðsjón af kvennabaráttunni á Íslandi og Rauðsokkahreyfingunni sem stofnuð var sama ár og leikritið var frumsýnt. Leikritið verður greint út frá femínískum stefnum og straumum leikhúsfræðanna á tuttugustu öldinni en skortur á sýnileika konunnar í hinu opinbera lífi og einangrun húsmóðurinnar verður sérstaklega tekinn fyrir. Viðbrögð almennings við verkinu verða skoðuð í lokin og mikilvægi þess undirstrikað sem ákall á þjóðfélagslegar breytingar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Svava Jakobsdóttir og sviðsverkin	3
2.1 Kvennabaráttan á Íslandi	8
3. Hvað er raunverulega í blýhólknum?	11
3.1 Stefnur og straumar sviðsverksins	12
3.2 Og í blýhólknum er	15
4. Viðtökurnar á leikritinu	24
7. Lokaorð	28
Heimildaskrá	29

1. Inngangur

Svava Jakobsdóttir var fædd í Neskaupsstað árið 1930. Hún var húsmóðir, eiginkona, móðir, rithöfundur, rauðsokka og fræðikona auk þess sem hún sat á þingi. Mikið hefur verið fjallað um og rýnt í höfundarverk Svövu og þá sérstaklega smásögur hennar og skáldsögur. Sviðsverk hennar hafa hinsvegar setið á hakanum og eru sjaldan til umræðu meðal fræðimanna, þrátt fyrir mikla umfjöllun þegar þau voru fyrst sett á svið. Því má velta fyrir sér hvort áhrif leikritanna á samfélagið á þeim tíma hafi gleymst en verkin tókust öll á við mikilvæg málefni samtímans á gagnrýninn og beinskeyttan hátt.

Fyrsta leikrit Svövu *Hvað er í blýhólknun?* markaði tímamót í íslensku samfélagi er varðaði kvenréttindabaráttuna árið 1970. Verkið verður aðalumfjöllunarefni þessarar ritgerðar en leikritið fjallar um íslensku húsmóðurina Ingu sem berst fyrir eigin rétti til menntunar í samfélagi sem styður kapítalískt karlaveldi. Greint verður frá áhrifum verksins á almenning, auk þess sem leiklistarstefna þess verður stuttlega tekin fyrir. Leikritið verður einnig skoðað út frá spurningunni um það hvers vegna sýnileiki kvenna var minni í hinu opinbera menningarlífi þjóðarinnar og af hverju það þurfti að breytast.

2. Svava Jakobsdóttir og sviðsverkin

*„En þegar þú skrifaðir smásögur þínar varstu þá að skrifa sérstaklega fyrir konur?
„Nei, en ég vissi að ég var kona,“ segir Svava án umhugsunar og hlær.“¹*

Svava Jakobsdóttir skrifaði þrjú leikrit í fullri lengd ásamt einum leikþætti, útvarpsleikritinu *Í takt við tímana* (1980) og sjónvarpsleikritinu *Næturanga* (1991).² Lítið hefur verið fjallað um þann part höfundarverks Svövu er viðkemur sviðsverkum en stiklað verður á stóru um stærstu leikverk hennar í þessum kafla, þó *Hvað er í blýhólknun* sé í forgrunni ritgerðarinnar.

Svava byrjaði ekki rithöfundarferil sinn fyrr en á fertugsaldurinn var komið, en ekki bitnaði það á ferli hennar heldur þvert á móti. Svava hafði víðtæka þekkingu eftir að hafa stundað nám við Háskóla Íslands sem og í Bandaríkjunum, Englandi og Svíþjóð en þar lét hún

¹ Gerður Kristný, „Grasaferð að læknisráði,“ 48.

² Árni Ibsen, „Leikritun eftir 1918,“ 263-64.

fyrst í sér heyra. Verk Svövu fjölluðu aðallega um reynsluheim kvenna og málefni líðandi stundar á tímum mikillar vitundarvakningar um stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Leikrit hennar endurspegluðu einnig vel þau málefni sem brunnu hvað heitast á þjóðinni og lögðu áherslu á mikilvægi samfélagslegra breytinga.

Meðan Svava dvaldist í Svíþjóð ásamt manni sínum og einkasyni, Jóni Hnefli Aðalsteinssyni og Jakobi S. Jónssyni, gaf hún út sína fyrstu bók, smásagnasafnið *Tólf konur* (1965). Eftir að hún gaf út sitt annað smásagnasafn *Veizla undir grjóttvegg* (1967), fór boltinn að rúlla en Svava var fljót að skipa sér stöðu meðal helstu samtímaskálda Íslands.³ Smásögurnar tókust flestar á við hversdagslíf eiginkvenna og heimavinnandi húsmæðra og vörpuðu nýju ljósi á innra hugarlíf þessara kvenna sem íslenskir lesendur höfðu ekki áður séð.

Svava Jakobsdóttir kom með nýtt viðfangsefni og ný viðhorf inn í íslenskar bókmenntir. Áður hafði vissulega verið skrifað um konur og það má segja að kúgun íslenskra kvenna birtist okkur á ýmsa vegu í íslenskum bókmenntum en í bókum Svövu er kúgun venjulegra íslenskra kvenna til beinnar umræðu í fyrsta sinn.⁴

Konur fengu raunhæfa og trúverðuga rödd með skáldskap Svövu en með honum birtist sá bitri sannleikur að íslenskar konur væru í raun kúgaðar af samfélaginu í gegnum heimilislífið. Þetta hlutskipti kvenna og afstaða þeirra til tilveru sinnar má vel finna í smásagnasafninu *Tólf konur* og kemur t.d. skýrt fram í smásögnum „Slys“, „Snyrtimennska“ og „Veggur úr gleri“. Í þeim sögum eru konurnar orðnar samvaxnar heimilum sínum og hlutverkum sem húsmæður og sjálfstæður vilji þeirra horfinn. „Saga handa börnum“ í smásagnasafninu *Veizla undir grjóttvegg* er líklega með þekktustu smásögnum Svövu en sú saga nær hvað best utan um fórnfýsi kvenna og kröfurnar sem fjölskyldan bar til þeirra. Með sögum sínum teflir Svava listilega fram þeirri staðreynd að konur virðast taka virkan þátt í því að lítillækka sig sjálfar, hvort sem það er beint eða óbeint. Þær sem átta sig á misréttinu standa hinsvegar eftir ráðalausar um það hvernig þær geti brotist undan sínu hefðbundna hlutverki. Svava heldur áfram á svipaðri braut með fyrstu skáldsögu sinni *Leigjandinn* (1969) en þar má segja að hún sameini allar þær snjöllu athuganir sem hún fleytir fram í smásögnum í eina bók.⁵

Ári eftir að Svava gaf út *Leigjandann* birtist á sviði Reykjavíkurborgar leikritið *Hvað er í blýhólknun?* sviðsett af leikfélaginu Grímu. Var þetta frumraun Svövu sem leikritaskáld en með verkinu kom hún á framfæri nýjungum í íslenskri leikritun því ekki hafði áður verið

³ Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitin, listin,“ 16.

⁴ Dagný Kristjánsdóttir, „Frelsi og öryggi: um sögur Svövu Jakobsdóttur og íslenska kvinnahreyfingu,“ 81.

⁵ Sama heimild, 49.

fjallað jafn afdráttarlaust um stöðu kvenna í þjóðfélaginu.⁶ *Hvað er í blýhólknunum?* var síðasta uppsetning leikfélagsins Grímu sem hafði verið starfandi frá árinu 1961 en það vakti meiri athygli en nokkuð annað verk leikfélagsins.⁷ Sýningin var meðal annars tekin upp fyrir sjónvarp árið 1971, ári eftir frumsýningu, sem gefur til kynna hversu vel hefur gengið.

Eftir vel heppnað verk hélt Svava áfram að semja leikrit meðan hún sat á þingi árin 1971-1979 en árið 1974 var einþáttungurinn *Friðsæl veröld* sett á svið þjóðleikhússins sem hluti af sænskættuðu kabarett dagskránni *Ertu nú ánægð, kerling?* Ólafur Jónsson gagnrýnandi fjallaði stuttlega um sýninguna í dagblaðinu *Vísi* en þar skrifaði hann að mest væri varið í frumsamda efnið, einþáttunginn eftir Svövu og tvo söngva eftir Megas. „Friðsæl veröld, leikþáttur Svövu Jakobsdóttur er svo sem ekki nema smámunir, en hann er þó til marks um að höfundurinn hefur ekki með öllu lagt skáldskap á hilluna fyrir pólitík.“⁸ *Friðsæl veröld* fjallaði í breiðum skilningi um ákveðið fóstureyðingafrumvarp sem hafði verið afar umdeilt á þingi þennan veturinn. Svava hafði greinilega ekki hætt að brenna fyrir kvenréttindamálum á Íslandi en hún hélt áfram að semja um konur og vanmátt þeirra gagnvart hinu kapítalíska karlaveldi í þriðja sviðsverki sínu *Æskuvinir* (1976). Þar virtist Svava halda áfram að þróa hugmyndir sínar um leigjandann úr skáldsögunni *Leigjandinn* en viðfangsefnið var það sama.⁹

Leikritið fjallar í stuttu máli um ekkju sem hleypir amerískum manni inn á heimili sitt í von um frekara öryggi sem hún metur meira en flest annað. Smám saman fær Ameríkaninn meiri völd og hann verður að húsbónda heimilisins. Konan áttar sig þó að lokum á því að hún hefur fórnað eigin frelsi fyrir falskt öryggið og að Ameríkaninn sé aðeins að gæta eigin hagsmuna.¹⁰ Hún lærir af mistökum sínum og áttar sig á því sem máli skiptir í tæka tíð til að bjarga eigin húsi, þrátt fyrir þrálátar tilraunir Ameríkanans til að eignast það. Endalok leikverksins virðast því á bjartari nótum en *Leigjandinn* því konan í leikritinu þróast á jákvæðan hátt meðan konan í bókinni endar sem steinrunnin. Hún hefur algjörlega misst sjálfstæði sitt til allra þeirra hluta sem hún kaupir fyrir peninga leigjandans.¹¹

Í *Æskuvinum* tekst Svava á við samtímaádeiluna um hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi og áhrif þess á þjóðarlífið sem sýnir sig í vanmætti íslensku konunnar gagnvart Ameríkananum og hversu háð honum hún verður. Óöryggi konunnar vegna ímyndaðs

⁶ Árni Ibsen, „Leikritun eftir 1918,“ 264.

⁷ Hlín Einarsdóttir, „Það eru leikhúsin sem ala upp públíkonum: Listræn stefna og verkefnaval leikhópsins Grímu 1961-1970,“ 118.

⁸ Ólafur Jónsson, „Ó, ó, ó, stelpur,“ 9.

⁹ Árni Ibsen, „Leikritun eftir 1918,“ 264.

¹⁰ Sama heimild.

¹¹ Dagný Kristjánsdóttir, „Um leikdóma og sleggjudóma,“ 5.

öryggisleysis veldur því að til þess að öðlast það öryggi sem hún heldur að hún þurfi frá Ameríkananum, gefur hún ómeðvitað frelsi sitt og ákvörðunarrétt upp á bátinn. Þetta endurspeglar hinn rauða þráð í verkum Svövu¹² en margar kvennanna í skáldskap hennar tákna allar þær heimavinnandi húsmæður sem trúa því að til þess að finna til öryggis verði þær að halda sig inni á heimilum sínum og varla fara út nema til að huga að húsi og fjölskyldu. Þær telja sér einnig trú um að þeim líði betur ef húsið er fullkomið í þeim skilningi að það sé alltaf hreint, þar séu húsgögn samkvæmt nýjustu tísku og handavinnan fái að njóta sín svo ásetningur og myndugleiki konunnar sjáist sem tákn um það að allt leiki í lyndi í lífi hennar sem og fjölskyldunnar. Síðast en ekki síst þarf húsið að vera glænýtt og helst byggt af fjölskyldunni sjálfri. Allt þetta telja konurnar sér trú um að þær þurfi til að finna tilgang sinn og lífsfyllingu. Þegar upp er staðið virðist hinsvegar alltaf eitthvað vanta í líf þeirra, sjálft frelsið sem fæst með eigin ákvarðanartöku og sjálfstæði. Það getur þó verið erfitt fyrir konurnar að berjast gegn hugsunarhætti hins kúgaða því þær hafa verið í því hlutverki í fleiri aldir.¹³

Lokaæfing (1983) er fjórða og síðasta leikrit Svövu á sviði en þar eru andstæðurnar sem virðast einkenna mörg höfundarverk Svövu, frelsi og öryggi, einna greinilegastar.¹⁴ Leikritið fjallar um verkfræðinginn Ara og Betu konu hans sem er píanó kennari. Ari virðist haldinn ákveðinni vænissýki en hann hefur byggt neðanjarðarbyrgi til að tryggja að þau hjónin komist af þegar, ekki ef, sprengja fellur.¹⁵ „Ég er búinn að byggja fullkomnasta kjarnorkubyrgi á Íslandi – áreiðanlega eina kjarnorkubyrgið sem er 100% öruggt,“¹⁶ segir Ari í *Lokaæfingu*. Þráin eftir öryggi knýr Ara áfram en hann þarf að hafa fulla stjórn á aðstæðum og þá sérstaklega á konu sinni Betu sem hann vill helst loka inni til frambúðar.¹⁷ Ari ákveður því að sannreyna byrgið með því að boða til lokaæfingar fyrir sig og konu sína í mánuð, án nokkurs sambands við umheiminn. Leikritið endar hinsvegar með algjörri upplausn þar sem lokaorðin í sýningunni undirstrika þá eyðileggingu sem orðið hefur af dvöl hjónanna í byrginu: „BETA: Nú getur ekkert bjargað okkur nema sprengjan.“¹⁸

Lokaæfing er líklega það leikrit Svövu sem oftast hefur verið sett upp. Er það mögulega vegna þess hve leikritið á jafn vel við samtíma sinn sem og nútímann, ef marka má

¹² Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitín, listín,“ 20.

¹³ Dagný Kristjánsdóttir, „Frelsi og öryggi: um sögur Svövu Jakobsdóttur og íslenska kvennahreyfingu,“ 53.

¹⁴ Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitín, listín,“ 20.

¹⁵ Pétur Már Ólafsson, „Leigjandinn á Lokaæfingu,“ 177.

¹⁶ Svava Jakobsdóttir, *Lokaæfing*, 38.

¹⁷ Pétur Már Ólafsson, „Leigjandinn á Lokaæfingu,“ 181.

¹⁸ Svava Jakobsdóttir, *Lokaæfing*, 67.

vangaveltur Péturs Mús í grein sinni „Leigjandinn á Lokaæfingu.“ Þar lætur hann þá skoðun sína í ljós að *Lokaæfing* einskorðist ekki einungis við ádeiluna á vígbúnaðarkapphlaupið sem varð eftir sprengingarnar á Hiroshima og Nagasaki á sínum tíma.¹⁹

Að mínu viti er *Lokaæfing*, rétt eins og *Leigjandinn*, merkileg greining á þeim veruleika sem við búum við í upphafi nýrrar aldar þegar hugtakið „fyrirbyggjandi stríð“ skýtur hvað eftir annað upp kollinum í ræðum ráðamanna og í fjölmiðlum.²⁰

Segja má að leikrit Svövu hafi litast af fyrri skáldverkum hennar, smásögunum og skáldsögunni *Leigjandanum*, en jafnframt fengu sögur hennar að öðlast nýtt líf með sviðsleikritunum *Hvað er í blýhólknun?*, *Æskuvinir* og *Lokaæfing*. Með leikritaforminu náði Svava að miðla ákveðnum skilaboðum til áhorfenda með beinskeyttari hætti en hún var vön og telja má að hún hafi haft veruleg áhrif á kvennabaráttuna sem var á mikilli uppleið á þessum tíma. Öll leikrit hennar fjölluðu á einn eða annan hátt um viðburði samfélagsins hverju sinni en Árni Ibsen nær vel utan um stíl Svövu sem leikskálds þegar hann skrifar:

Svava er satíruskáld og vitsmunaskáld líkt og [Guðmundur] Kamban, verk hennar eru oft allegoríur í raunsæisumgerð sem er ætlað að benda á þjóðfélagsmein eða siðferðisvanda. Dramatísk greining hennar á efninu er jafnan óvæginn, en rökföst atburðarásin gjarnan látin sýna í hve miklar ógöngur stíll nútímans leiðir okkur.²¹

Þessi lýsing Árna á vel við *Hvað er í blýhólknun?* þó verkið sé ef til vill fjær raunsæisforminu en önnur verk Svövu. Leikritið kom út sama ár og Rauðsokkahreyfingin var stofnuð og ekki ósennilegt að það hafi haft áhrif á þjóðfélagið á þeim tíma og mögulega blásið baráttuanda í brjóst kvenréttindafólks.

Dagný Kristjánsdóttir skrifaði BA-ritgerð árið 1978 sem hét *Frelsi og öryggi* þar sem hún fjallaði um sögur Svövu Jakobsdóttur og tengingu þeirra við íslenska kvannahreyfingu en baráttu kvenna var enn afar áberandi á þessum tíma. Þar nefnir hún að athyglisvert sé að bækur Svövu hafi komið út rétt áður en hin nýja kvannahreyfing hófst á Íslandi og að þær hafi án efa haft áhrif á vitundarvakningu kvenna.²² Um leikritið *Hvað er í blýhólknun?* skrifar hún einnig þetta: „Leikrit Svövu *Hvað er í blýhólknun?* hafði tvímælalaust fjarska mikil áhrif á viðhorf fólks til hinnar ungu kvannahreyfingar og málflutnings hennar.“²³ Á næstu blaðsíðu heldur hún áfram og skrifar:

Hvað er í blýhólknun? er bæði einfalt og skýrt verk og ádeila þess náði ákaflega vel til fólks. Aðsóknin að leikritinu var mikil þegar það var sýnt í Reykjavík og árið eftir var það sýnt í

¹⁹ Pétur Már Ólafsson, „Leigjandinn á Lokaæfingu,“ 176.

²⁰ Sama heimild, 177.

²¹ Árni Ibsen, „Leikritun eftir 1918,“ 264.

²² Dagný Kristjánsdóttir, „Frelsi og öryggi: um sögur Svövu Jakobsdóttur og íslenska kvannahreyfingu,“ 16.

²³ Sama heimild.

íslenska sjónvarpinu þannig að flestir landsmenn sáu það og heyrðu. Beint gildi þess fyrir baráttuna hefur þannig verið gjörsamlega ómetanleg.²⁴

Af upptöldum verkum Svövu hér að framan má sjá að hún hafi verið mikilvægur rithöfundur á tímum nýs viðhorfs til kvenna og hlutverka þeirra í samfélaginu. Verk hennar frá árunum 1965-1983 tókust öll á við málefni samtímans en *Hvað er í blyhólknum?* var þó sérstakt að því leiti að það fjallaði svo tæpitungulaust um misrétti kynjanna að ekki var hægt annað en að viðurkenna óréttlætið sem konur upplifðu á hverjum degi í samfélaginu. Mikilvægi verksins fyrir kvennabaráttuna var gífurlegt því það opnaði umræðuna og var konum ákveðinn grundvöllur að því að láta í sér heyra.

2.1 Kvennabaráttan á Íslandi

Árin 1960-1970 voru mikil uppgangsr hjá íslensku þjóðinni. Framboð jókst á ýmsum störfum og konur streymdu út í atvinnulífið. Hinsvegar vildi svo til að öll þau störf sem konum buðust voru keimlík þeim sem þær unnu nú þegar heima fyrir. Því voru þau lítils metin og þar af leiðandi illa launuð enda töldust þau sjálfsagður hlutur, eitthvað sem konur gerðu alla daga ókeypis á heimilum sínum. Sem dæmi um svipuð störf kvenna innan og utan heimilisins má nefna almenn heimilisstörf, barnapössun, veitingastörf, þvott, fatahreinsun, húsvörslu, ræstingu og snyrtingu, störf við matvælaíðnað, saumastörf, hjúkrunar- og heilsuverndarstörf og símastörf.²⁵²⁶

Samfélagið bjóst við því að konur ynnu þessi láglaunuð störf því þetta væru einfaldlega þeirra hlutverk, það væri í eðli þeirra að sinna þessum störfum. „Eðli kvenna og fjölskyldan eru tengd saman þar sem fjölskyldan og heimili hennar er eini staðurinn þar sem konur geta þjónað “eðli“ sínu eins og til er ætlast af náttúrunni.“²⁷ Konum var kennt frá barnaldri að hlutskipti þeirra væri innan heimilisins og að það væri þeirra aðalstarf á meðan körlum var kennt að stefna að markvissu og sérhæfðu starfi strax á uppvaxtarárum. Vegna þessara hugmynda kvenna um sjálfar sig litu þær á þáttöku sína í atvinnulífinu sem aukavinna og ekki jafn mikilvæga við að framfleyta heimili og ef þær væru einfaldlega heimavinnandi.²⁸

²⁴ Dagný Kristjánsdóttir, „Frelsi og öryggi: um sögur Svövu Jakobsdóttur og íslenska kvannahreyfingu,” 17.

²⁵ Sama heimild, 11-13.

²⁶ Um kvennabaráttu á Íslandi má einnig skoða *kvennasögusafn.is* og bókina *Veröld sem ég vil*.

²⁷ Dagný Kristjánsdóttir, „Frelsi og öryggi: um sögur Svövu Jakobsdóttur og íslenska kvannahreyfingu,” 20.

²⁸ Sama heimild, 15.

Oft heyrir það líka að vinna kvenna “borgi sig ekki“ því að þær þurfi að borga barnagæslu og þar að auki hækki skattar eiginmannsins ef þær vinni. Afleiðingar þessara hugmynda og fleiri í sama dúr eru þær að mjög margar konur eru bæði óstéttvísar og afskiptalítlar um það sem að þeim snýr í atvinnulífinu.²⁹

Konur áttu því erfitt með að líta á sig sem mögulegan framfærsluaðila heimilisins vegna hugmynda samfélagsins um sjálfsagða vinnu kvenna á heimilunum. Misréttið sem konurnar lifðu við í hinu opinbera lífi var því beint framhald kúgunar í einkalífinu þar sem fjölskyldan átti stóran þátt í því að móta hugmyndir kvenna um sjálfar sig. Þar var þeim innrætt hegðun hinnar hefðbundnu húsmóður, allt til þess að þær myndu aðlagast hinu kapítalíska karlveldisþjóðfélagi. „Það er því ekki að ástæðulausu að fjölskyldan er oft talin “hornsteinn þjóðfélagsins“ með því að hún er mikilvægasti hlekkurinn í því að halda óbreyttu ástandi.“³⁰ Í þessu rótgróna og sjálfgefna hlutverki kvenna fólst kúgun þeirra, falin í upphafningu mæðrahlutverksins og eigin fórnfýsi.

Stutt frásögn rauðsokkunnar Auðar Hildar Hákonardóttur varpar athyglisverðu ljósi á það hve ómeðvitað fólk gat verið gagnvart sjálfskipuðum hlutverkum kynjanna innan heimilisins. Einnig er sagan gott dæmi um hversu rótgrónar hefðir heimilisins geta verið og hvað það er auðvelt að halda í þær venjur og það öryggi sem fylgir því að gera alltaf það sama.

Það var alveg föst venja þegar einhver kom í heimsókn, og ég þekkti ekkert annað, að fólk var boðið í stofu og aðeins nákomnir eða unglingar fengu að fara beint í eldhúsið. Húsmóðirin fór fram og hellti upp á könnuna og húsbóndinn sat og spjallaði við gestina á meðan. Þetta var svo sjálfsögð regla að hún var rétt eins og náttúruleg mál. Svo er það einn daginn að bóndi minn, sem á létt með að spjalla, segir við mig og nú man ég ekki lengur hver þá barði að dyrum: „Far þú nú með þeim inn í stofu og ég skal færa ykkur kaffið.“ Í endurminningunni stóð ekki þannig á að þetta væru „mínir“ gestir fremur en hans. Mér fannst þetta hlutverk hræðilegt, að fara með gestunum beint inn í stofu og upphefja samræður. Ég kunni ekki einu sinni formið, fannst þetta vandræðalegt og man ennþá eftir mér þar sem ég sat framarlega á sófabrúninni og vonaði að þessu færi að ljúka og hann að koma með kaffið.³¹

Hvað gátu allar þær konur gert sem vildu auka við menntun sína, brjótast undan einangruðum störfum sínum sem húsmæður og prófa ný störf, þegar samfélagið var uppbyggt til þess að halda þeim heima? Vegna vaxandi óánægju kvenna á atvinnumarkaði hófust hér á landi upp úr sjöunda áratugnum umræður um jafnrétti kynjanna. Þær jukust jafnt og þétt þar til róttækur og vinstrisinnaður hópur kvenna tók sig til og stofnaði Rauðsokkahreyfinguna árið 1970.³²

²⁹ Dagný Kristjánsdóttir, „Frelsi og öryggi: um sögur Svövu Jakobsdóttur og íslenska kvennahreyfingu,” 15.

³⁰ Sama heimild, 19.

³¹ Auður Hildur Hákonardóttir, „Konan sem stendur bak við eldavélina þína gæti verið Rauðsokka,” 51.

³² Vilborg Sigurðardóttir, „Inngangur,” 21.

Þau baráttumál sem hreyfingin brann helst fyrir voru dagheimili fyrir öll börn, ekki einungis börn einstæðra mæðra eða giftra karla sem stunduðu háskólanám. Neikvætt viðhorf þjóðfélagsins til giftra kvenna í launaðri vinnu og mæðra í háskólanámi gerði rauðsokkum hinsvegar erfitt fyrir en litla hjálp var að fá frá samfélaginu. Hér má auk þess nefna að skólahlald var þannig skipulagt á þessum tíma að börnin færu heim til hádegisverðar. Ef svo var ekki má rétt ímynda sér þá skömm sem móðirin hefur þurft að þola frá nágrönnum sínum.³³ Launajafnrétti var einnig baráttumál auk sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga og menntun þeirra. Guðrún Hallgrímsdóttir sagði í viðtali í bókinni *Á rauðum sokkum* að á sínum tíma hefði megináhersla þeirra verið að breyta viðhorfum og hugarfari innan samfélagsins. Hún sagðist einnig ekki velkjast í vafa um það að staða kvenna í Íslandi nútímans væri allt önnur ef ekki hefði verið fyrir róttæka baráttu rauðsokka á sínum tíma.³⁴

Svava Jakobsdóttir barðist ötullega fyrir réttindum kvenna eins og áður hefur komið fram en hún lagði Rauðsokkum kærkominn lið með skrifum sínum og þingstörfum eftir að hún var kosin þingmaður Alþýðubandalagsins árið 1971. Um leið og Svava var kosin inn á þing lagði hún fram frumvarp um jafnlaunadóm. Einnig sá hún til þess að þau frumvörp eða þingsályktunartillögur er vörðuðu stöðu kvenna og barna, væru send Rauðsokkahreyfingunni til umsagnar. Rithöfundarstörf Svövu voru þó síður en svo afkastarminni en þingstörf hennar, því með verkum sínum náði hún að skapa mikilvæga umræðu meðal almennings og varpa ljósi á margt sem betur mátti fara í sambandi við misrétti kynjanna.

Svava Jakobsdóttir rithöfundur hristi svo sannarlega upp í jafnréttisumræðunni með leikriti sínu, *Hvað er í blýhólknunum*, sem Gríma frumsýndi árið 1970. Við rauðsokkur kunnum flest tilsvörin úr leikritinu utan að og höfðum á hraðbergi í málflutningi okkar.³⁵

Ekki er skrítið að leikritið *Hvað er í blýhólknunum?* hafi verið talið hluti af kvennabaráttunni því þar tók Svava fyrir mörg þeirra mála sem síðar urðu ein helstu baráttumál Rauðsokka. Leikritið var einnig gott verkfæri til þess að fræða fólk og sýna fram á hver staða íslenskra kvenna raunverulega var á þessum tíma og af hverju barátta Rauðsokka skipti svona miklu máli.

³³ Vilborg Sigurðardóttir, „Inngangur“, 21.

³⁴ Guðrún Hallgrímsdóttir, „Við neituðum að ganga inn í hefðina“, 61.

³⁵ Sama heimild, 74.

3. Hvað er raunverulega í blýhólknum?

Hvað er í blýhólknum? er samtímaverk um baráttu barnsins, stúlkunnar, konunnar, eiginkonunnar, húsmóðurinnar, móðurinnar, forstjórafrúnnar og ekkjunnar Ingu fyrir eigin ákvörðunarrétti og menntun árið 1970. Innri barátta hennar snýst um að vera metin að verðleikum sem hugsandi manneskja með raunverulegar þrár og langanir. Inga er í raun ópersónuleg persóna sem allar íslenskar konur, á þeim tíma sem leikritið er sviðsett, áttu að geta tengt við að einhverju ef ekki öllu leiti. Hún táknað allar þær konur sem hafa upplifað eitthvert form kúgunar af völdum heimilislífsins og hins kapítalíska karlaveldis.

Leikritið fjallar í stuttu máli um ævi Ingu frá barnsaldri þar sem hún sýnir strax ummerki þess að hún passi ekki við þær hugmyndir samfélagsins um hlutverk kvenna. Inga eignast sitt fyrsta barn ung að aldri og utan hjónabands, áður en hún útskrifast með stúdentspróf. Hún nær að klára prófið með hjálp móður sinnar sem passar en barnsfaðirinn, Ingólfur, er að læra við Háskólann. Inga vinnur við afgreiðslustörf í banka á meðan Ingólfur lærir við skólann svo litla fjölskyldan geti borgað fyrir húsnæðið. Þegar Ingólfur fer loks út á vinnumarkaðinn eru börnin orðin tvö og fæst pláss á dagheimili fyrir hvorugt þeirra. Því þarf Inga, sem sjálf vildi halda áfram námi við Háskólann, að slá því á frest og sitja heima við með börnin. Hún heldur þó áfram að berjast fyrir menntun sinni en ótal hindranir standa í vegi fyrir tilraunum hennar, svo hún gefst upp að lokum. Líf hennar verður samdauna endalausum heimilisverkum þar til einn daginn að Ingólfur hrekkur upp af og skilur Ingu og börnin eftir allslaus. Inga neyðist því til að byrja aftur í vinnu sinni í bankanum 33 ára að aldri en þar skilja áhorfendur við hana í lok verks, sem fátæka ekkju með brostna drauma.

Sagan er sögð út frá sjónarhorni konu sem upplifir sig á skjön við hlutverkið sem henni hefur verið úthlutað af samfélaginu en Inga, eins og svo margar íslenskar konur, vill einfaldlega fá að njóta sömu tækifæra og strákum eru gefin í vöggugjöf. Eins og kemur í ljós við lestur leikritsins er hinsvegar hægara sagt en gert fyrir konu að breyta örlögum sínum vegna óteljandi hindrana innan hins kapítalíska kerfis.

Lítið hafði verið fjallað um hina kvenlegu reynslu í menningarlífinu en konan hafði sjaldan verið sýnd út frá eigin forsendum. Hún var ósýnileg þar til karlmaðurinn ákvað annað en þá var hún til sýnis eins og hver annar sýningargripur. Markmið verksins lá því einnig í því að gera konur sýnilegri í hinu opinbera lífi og leyfa rödd þeirra að heyrast, ásamt því að berjast fyrir réttindum þeirra.

Á sjöunda og áttunda áratugnum á Íslandi fóru íslenskir höfundar í auknum mæli að skrifa fyrir leikhús og var Svava einna fyrst til þess að fjalla um málefni líðandi stundar. Eftir

að leikrit hennar *Hvað er í blýhólknum?* kom út fór af stað bylgja í íslenskri leikritun þar sem pólitísk og femínísk átök voru sett á svið, yfirleitt í formi félagslegs raunsæis.³⁶ Leikformið „var jafnvel leyst upp, hefðbundin flétta skipti minna máli að því er virtist og hefðbundin frásögn mátti víkja [...], en siðferðisafstaða höfunda og boðskapur varð gjarnan að einum mikilsverðasta þætti hvers leikrits.“³⁷

Lýsingar Árna á leikritum þessa tíma eiga vel við *Hvað er í blýhólknum?* en Svava sem og aðrir höfundar nota kaldhæðnina óspart til þess að koma samfélagsgagnrýni sinni til skila. Vantrú á tjáningarmætti tungumálsins birtist einnig í verkum höfunda á þessum tíma,³⁸ en þó að Svava komi ekki mikið inn á það í leikriti sínu er tungumál verksins *Hvað er í blýhólknum?* flugbeitt og hnitmiðað. Það er hannað í þeim tilgangi að koma ákveðnum boðskap til skila sem með rödd kvenmanns fær á sig nýja mynd og breytt viðhorf.

Þegar Inga lýsir fyrir móður sinni, á blaðsíðu tuttugu í leikritinu, uppbyggingu samfélagsins í garð kvenna, kemur hún um leið með nýja sýn á tungumálið sem valdbeitingu hins kapítalíska karlaveldis á kostnað kvenna. Í lok ræðu sinnar segir hún: „[...] Veiztu hvað er starfsheiti giftra kvenna á skýrslum og eyðublöðum – húsmóðir – og það jafnvel þó hún eigi engin börn.“³⁹ Með því að taka orðið húsmóðir sem dæmi, sýnir Inga fram á það hversu rótgróin í samfélaginu sum orð eru og hversu erfitt það getur verið að breyta þeim. Með þessu eina orði nær samfélagið að ýta enn frekar undir hugmyndir konunnar um sjálfa sig svo hún telji sjálfri sér trú um að hún vilji leika þetta hlutverk. Ef hún gengst ekki undir þetta hlutverk er hún útskúfuð enn frekar úr samfélaginu. Skortur á sýnileika kvenna úti í samfélaginu er vandamál sem tekið er fyrir í leikriti Svövu. Hér á eftir verður leikritið greint og skoðað út frá spurningunni um það hvers vegna konur einangruðust á heimilum sínum og af hverju það þurfti að breytast en fyrst verða áhrif ýmissa kenninga innan leikhúsfræðanna skoðaðar í samanburði við *Hvað er í blýhólknum?*

3.1 Stefnur og straumar sviðsverksins

Með leikverki sínu *Hvað er í blýhólknum?* byggir Svava á hefðum pólitísku leikhúss á sjöunda áratugnum. Leitar hún sér í lagi til hugmynda Brechts um epíska leikhúsið auk þess sem áhrif

³⁶ Árni Ibsen, „Leikritun eftir 1918,“ 272.

³⁷ Árni Ibsen, „Leikritun eftir 1918,“ 228.

³⁸ Sama heimild, 234.

³⁹ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknum?*, 20.

frá stefnu heimildarleikhússins má glögg sjá í verkinu. Bertolt Brecht (1898-1956) var talinn einn helsti áhrifavaldur eftirstríðsáranna í tengslum við leikritun en hann byrjaði ungur að hafa áhuga á leiklist. Hann þróaði með sér hugmyndafræði sem síðar varð að kenningum um leikhússtefnu hins epíska leikhúss og framandgervingu eða *verfremdungseffekt* eins og hann kallaði það á þýsku.

Erfitt er að lýsa hugmyndafræði Brechts um epíska leikhúsið með einni setningu en mögulega væri hægt að segja að megin tilgangur kenningarinnar sé sá að höfða til rökhugsunar áhorfandans frekar en tilfinninga hans. Í stað þess að áhorfandinn deili upplifuninni með persónu verksins, verður hann að átta sig á þeim ytri öflum sem höfðu áhrif á það hvernig ástætt var fyrir aðalpersónunni í lokin.⁴⁰ Brecht taldi einnig að erindi leikhússins ætti fyrst og fremst að miðla boðskap til áhorfenda um nauðsyn ákveðinna þjóðfélagsbreytinga.⁴¹ Beina tengingu má þarna sjá við leikrit Svövu sem byggir á því að sjálft stjórnarkerfið í samfélaginu beri sök á því hvernig fer fyrir Ingu í lokin, ekki ákvarðanir hennar sjálfrar né nokkurrar annarrar persónu verksins. Persónurnar eru því sýndar á hlutlausan og ópersónulegan hátt svo boðskapurinn ténist ekki í yfirþyrmandi dramatík. Afstaða verksins til þjóðfélagslegra breytinga er því ærin. Í viðtali við Bernard Guillemin í kringum 1926, þegar Brecht var að byrja að þróa hugmyndir sínar um hið epíska leikhús, sagði hann að persónur verksins ættu að vera sýndar á hlutlægan og frekar kuldalegan hátt. Þær áttu ekki að skapa samúð meðal áhorfenda, heldur áttu þeir að horfa á persónurnar utan frá og skilja þær.⁴² Þessi aðferð hins epíska leikhúss að leyfa leikaranum ekki að sleppa sér í tilfinningalegri túlkun á hlutverki sínu hafði sína kosti fyrir femínísku baráttuna sem átti sér stað meðal leikhúsfólks víðsvegar í heiminum á síðari hluta tuttugustu aldar. Vandamálið sem þessi fjölbreytti hópur femínískra fræðimanna og baráttusinna í sviðslistum hafði varðandi tilfinningalega leiktúlkun var að hún tengdi líkama og mannlegt eðli persónunnar saman svo enginn munur varð þar á. Þar af leiðandi urðu öll þau utanaðkomandi áhrif pólitíkurinnar, samfélagsins og efnahagskerfisins á kynhegðun leikarans sem og hlutverk hans ósýnileg og þar með viðurkennd vegna hins ótvíræða sannleika sem miðlað var í handritum þess tíma. Samtengingin milli líkamans og hins mannlega eðlis var einfaldlega aldrei dregin í efa.⁴³

Fræðimennirnir bentu einnig á þá staðreynd að ferðalag kvenkynspersónunnar sem átti að vera trúverðugt með öllum þeim tilfinningum og hinni dramatísku spennu sem því fylgdi,

⁴⁰ John Willett, *Brecht on theatre*, 23.

⁴¹ Árni Ibsen, „Leikritun eftir 1918,“ 233.

⁴² John Willett, *Brecht on theatre*, 15.

⁴³ Kim Solga, *Theatre and Feminism*, 41-42.

bitnaði iðulega á hennar eigin lífsbjörg, þrám og almennri heilsu. Erfitt ferðalag kvenkynspersónunnar var líklegast til að enda á tvo vegu, annaðhvort með maklegum málagjöldum og algjöru niðurbroti eða óraunhæfum en fullkomlega hamingjuríkum endi. Annars átti leikritið á hættu að verða gagnrýnt fyrir ótrúverðugleika.⁴⁴

Svava vinnur gegn þessum almennu hugmyndum leikrita um dramatísk afdrif kvenkynspersónunnar með því einfaldlega að sýna blákaldan veruleikann í lokin en hún virðist hafa áttað sig á endalausri bendlun tilfinninga við kvenfólk, bæði í leikritum og í umræðunni um baráttumál kvenna á Íslandi. Í viðtali við *Vísi* 1971, rétt eftir frumsýningu á *Hvað er í blýhólknunum?* í Ríkissjónvarpinu, sagði Svava að hugmyndin að verkinu hefði sprottið upp vegna skorts á staðreyndum og rökhyggju í umræðunni um kvenréttindamálin sem einkenndust aðallega af tilfinningum. Það var meðal annars ástæða þess að hún vildi ekki kafa djúpt ofan í persónusköpunina en hún vildi að „konur hefðu síður ástæðu til að segja: Þetta á ekki við mig.“⁴⁵

Leikrit Svövu inniheldur persónur sem eiga að tákna þau hlutverk sem íslenskt samfélag og efnahagskerfi hefur átt stóran þátt í að móta en það á við um nánast alla Íslendinga. Inga og Ingólfur eru gott dæmi um þess konar hlutverk en þau falla undir þær fyrirfram gefnu hugmyndir um hin íslensku hjón, þrátt fyrir baráttu Ingu gegn úreltum hugmyndum samfélagsins. Því þegar uppi var staðið, breytti baráttu hennar innan verksins litlu fyrir hana sjálfa. Baráttu Ingu fyrir réttlæti er ekki sýnd sem hennar eigið persónulega ferðalag heldur sem staðreynd og raunveruleiki flestra íslenskra kvenna. Baráttan er aðalatriði verksins, ekki Inga sjálf, svo tilfinningar hennar hylji ekki hin raunverulegu skilaboð verksins. Þess vegna eru leikararnir ekki látnir leika persónurnar með líkamanum heldur höfðinu.

Höfuðið verður að aðal miðlunartæki persónanna í verkinu svo þær stjórnist ekki af tilfinningasemi líkamans. Þannig geta leikararnir staðið fyrir utan persónulegar upplifanir persónunnar sem þeir leika, og farið með röksemdarfærslur og staðreyndir. Persónur verksins gætu því í raun verið hvaða manneskja sem er sem býr við hið íslenska hagkerfi. Svava undirstrikar þann möguleika með því að skýra allar persónurnar meira og minna sama nafni, eins og Inga, Ingólfur, Iggý, Ingileif og Ingvar. Ef persónurnar fá ekki nöfn fá þau nafn hlutverks síns innan samfélagsins eins og t.d. móðir, faðir, fulltrúi og kennari. Þau leika sitt hlutverk en verða aldrei meira en það, þau ná ekki að þróa með sér raunverulegar manneskjur en það er einnig hluti af því sem Svava er að vinna með í leikritinu.

⁴⁴ Sama heimild.

⁴⁵ Valdimar H. Jóhannsson, „Komdu þá með bankabókina,“ 16.

Heimur verksins gerist á Íslandi í kringum 1970 og fer Svava afar nákvæmt með allar staðreyndir samtímans sem styður íhaldssamt karlaveldið fram yfir allt annað. Raunverulegar heimildir eru samtvinnaðar inn á milli atriða og innihalda meðal annars kafla úr skólabókum, reglugerðum og viðtölum úr útvarpsþáttum. Til að koma þessum heimildarbútum til skila inn í verkið notar Svava ýmsar leiðir en þó sérstaklega hlutverk Kynnisins, sem hún býr til innan verksins svo hann geti vitnað í hinar ýmsu miðlunarleiðir samtímans til að draga úr sjálfstæðri hugsun kvenna. Af þeim sökum er hægt er að kalla verkið heimildarleikrit en vert er að nefna að rithöfundurinn og listamaðurinn Peter Weiss (1916-1982) skrifaði kenningu um heimildarleikhús í ritgerð sinni frá árinu 1968, “Fourteen Propositions for a Documentary Theatre”.

Leiklistarformið í *Hvað er í blýhólknunum?* einkennist af áhrifum frá Bertolt Brecht og heimildarleikhúsinu en einna helst hefur Svava skrifað leikritið með hugsjónir femínismans og jafnréttisbaráttunnar að leiðarljósi. Hún gerir boðskap verksins góð skil með því að falla ekki í gryfju tilfinningaseminnar og dramatíkurinnar og Inga, aðalpersóna verksins, fær raunhæfan endi sem raunverulegar konur geta tengt við.

3.2 Og í blýhólknunum er ...

„INGA: Sáuð þið þessa sem var að ganga út? Það var sko sýning.“⁴⁶

Fyrsta setningin í *Hvað er í blýhólknunum?* setur strax tóninn fyrir það sem koma skal. Í verkinu öllu reynir Inga af fremsta megni að berjast gegn rótgrónum hugmyndum samfélagsins um hlutverk konunnar. Þegar upp er staðið kemur hinsvegar í ljós að hún átti aldrei að verða neitt annað en sýningargripur en með þessari fyrstu setningu sinni gefur Inga í skyn að konan sem gekk út úr bankanum þar sem Inga vinnur sé einmitt það. Konan er í raun gangandi sýning fyrir tískubúðirnar með öllum þeim vörum sem hún notar og ekki síst eiginmanns síns sem fjármagnar búðarferðir hennar.

Þarna fær konan vettvang til þess að vera sýnileg en þá mætti velta fyrir sér á hvers forsendum? Karlar hafa ákveðnar hugmyndir um það hvernig kona eigi að líta út og haga sér í samfélaginu en hægt er að rekja þær hugmyndir aftur til forn-Grikklands þegar konur voru útilokaðar frá hinu opinbera lífi og þar með leikhúslífinu. Vegna þessa voru karlar fengnir til að leika konur en þaðan þróaðist hugtakið gláp karlmannsins (*e. male gaze*). Karlmaðurinn

⁴⁶ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknunum?*, 7.

túlkaði konuna út frá sínum forsendum og þar með varð ímynd konunnar til út frá sjónarhorni karlmannsins en ekki konunnar sjálfar.⁴⁷ Fína frúin í bankanum er því aðeins sýnileg því það lætur karlmanninn líta vel út en hún sem manneskja er þar með hlutgerð sem sýningargripur. Konur fengu aldrei rétta framsetningu á sér sjálfum á eigin forsendum því þær héldu til á heimilum sínum sem var hluti af einkalífinu en ekki því opinbera. Reynsluheimur kvenna var því hulinn.

Í upphafi verks sést Inga, 33 ára, standa fyrir aftan afgreiðsluborð í banka lítandi þreytulega út. Þar talar hún beint til áhorfenda og veltir fyrir sér falli sínu niður hinn félagslega stiga eftir að kona sem hún eitt sinn þekkti, klædd nýjustu tísku, virðir hana varla viðlits. Inga kemur með þá afsökun að hún hafi nú ekki alltaf unnið í banka, hún hafi einu sinni verið forstjórafrú og aldrei ætlað sér annað í lífinu. Eða hvað?⁴⁸

Vægðarlaus raunveruleiki verksins er undirstrikaður þegar kemur í ljós að líf Ingu virðist búið þegar hún er rétt skriðin yfir þrítugsaldurinn. Einhver saga liggur að baki og konan sem eitt sinn var í sömu stétt og hún íhugar ekki einu sinni að hjálpa henni. Til þess að komast að því hvers vegna Inga endar í þeim sporum sem hún er í núna er áhorfendum hent aftur til fortíðar þar sem ævi Ingu frá barnsaldri er rakin. Í atriðinu á eftir bankanum er Inga því orðin lítil stúlka þar sem hún situr í sandkassa og leikur sér með dótabíl. Ókunn kona gengur framhjá og hlær að því að stúlkan vilji leika sér með bíl og verða í þokkabót bílstjóri, það sé ómögulegt fyrir stelpu að verða bílstjóri. Þegar hún er farin situr barnið skömmustulegt eftir.⁴⁹ Í framhaldi af þessu atriði er Inga mætt inn í skólastofu þar sem hún og aðrir krakkar eru að lesa upp úr skólabókum. Bækurnar ýta verulega undir hlutverkaskiptingu kynjanna og sviðsetningin undirstrikar og ýkir áhrifin af lestri bókanna.

Tumi fór með netið sitt.

Tóti fór með sitt net,

Og afi fór með netið sitt.

En Tóta fór inn til mömmu.

[*Lítur hvetjandi á INGU til að fá hana til að endursegja.*] Ja-há ...

INGA: En Tóta fór inn til mömmu.

[*Af segulbandinu heyrir talkórinn endurtaka með vaxandi styrkleika.*]:

⁴⁷ Sue-Ellen Case, *Feminism and Theatre*, 11.

⁴⁸ Sama heimild.

⁴⁹ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknunum?*, 8.

En Tóta fór inn til mömmu.⁵⁰

Næsta atriði sýnir Ingu þar sem hún er orðin aðeins eldri inni á heimili sínu og les bók undir borði. Fjölskyldan er nýbúin að snæða kvöldverð og móðirin er að ganga frá leirtauinu. Þegar hún biður Ingu um hjálp reynir Inga hinsvegar að malda í móinn en hún skilur ekki hvers vegna bróðir hennar getur ekki hjálpað móðurinni frekar. Foreldrarnir skilja ekkert í mótbárum Ingu en faðirinn spyr hvort hún ætli nokkuð að verða ein af þessum „ómögulegu kvenréttindakerlingum.“⁵¹ Inga neyðist til að byrja að vinna í eldhúsinu og umræðurnar taka að snúast um það hvort foreldrið eigi að fara á fund húsfélagsins sem muni annaðhvort snúast um þvottahúsið eða bílastæðin. Hlutverkaskipting kynjanna á heimilinu kemur þarna greinilega í ljós.

Fyrsta merkið um meðvitaðan mótþróa Ingu birtist í þessu sama atriði þar sem kemur í ljós að hún hefur ekki staðið sig nægilega vel í handavinnunni í skólanum svo hún hefur ekkert til þess að sýna á sýningunni nema ljótan þvottapoka. Móðirin skammast sín hrikalega og er hrædd um hvað aðrir haldi um sig sem móður. Inga segir hinsvegar í reiðiskasti: „Mér er sama um allar andskotans sýningar,“⁵² og hleypur út. Þar með kemur í ljós að Inga skilur tilgangssleysið í því að þrjóna þvottapoka sem á einungis að vera til sýnis en ekki notkunar á sama hátt og stúlkum er kennt að vera til sýnis á heimilum sínum í stað þess að vinna úti og láta í sér heyra. Stúlkunum er einnig kennt með hópkenndu sem ýtir undir hjarðhegðun og þá hugmynd að konur séu ekki einstaklingar heldur hluti af heild. Strákarnir læra hinsvegar að smíða og skapa eitthvað sem gæti seinna skipt sköpum fyrir samfélagið en kenndu þeirra er einstaklingsbundin svo þeir fá yfirleitt sjálfir að velja hvað þeir gera.

Í víðum skilningi gæti þvottapokinn því táknað sjálft hlutskipti kvenna og tilgangssleysið sem vinna þeirra færir þeim. Þær vinna sleytulaust að því að halda heimilinu og sér sjálfum fallegum og hugsa um börnin en þegar upp er staðið fá þær lítið sem ekkert til baka frá samfélaginu fyrir vinnu sína sem húsmæður.

Þegar Inga er komin á unglingsaldurinn virðist útlitið skipta mestu máli til þess að næla sér í góða vinnu sem og eiginmann en hún og vinkonur hennar tvær, Iggý og Ingileif, ræða málin inni í herbergi Ingu þar sem kynbambuáróðurinn er undirstrikaður. Staðreyndum upp úr námsbók um starfsfræði er skotið inn á milli samtala stúlkanna af ákveðnum kynni í leikritinu. Þar kemur meðal annars fram að um 10% kvenmanna gifti sig aldrei samkvæmt

⁵⁰ Sama heimild, 9.

⁵¹ Sama heimild, 10.

⁵² Sama heimild, 12.

manntalsskýrslunni og þurfi því að vinna fyrir sér á annan hátt.⁵³ Öryggi giftra kvenna er á hinn bóginn ekki heldur tryggt því menn þeirra gætu misst vinnu af einhverjum ástæðum. Eins gæti skilnaður komið inn í myndina eða eiginmaðurinn dáið. Ef svo kæmi til, yrði eiginkonan að afla tekna sjálf.⁵⁴ Þarna kemur enn eitt dæmið þar sem námsefni í skólum ýtir undir „réttu“ hegðun kvenna en skilaboðin gefa óneitanlega til kynna að menntun og vinna kvenna sé einungis metin sem varúðarráðstöfun ef eitthvað klikkar. Það er viðurkennt að ekki allar konur verði eiginkonur og húsmæður en það er skýrt tekið fram að slíkt sé frávik frá „eðlilegu“ ástandi.

Inga hefur greinilega hlustað á fyrirmælin í skólabókunum um það að næla sér í mann því þegar ljósin kvikna aftur á sviðinu, sést móðir hennar röltu um með barnavagn. Þar mætir hún frú sem byrjar að hneykslast yfir snemmbúnum barneignum Ingu utan hjónabands og því að amman endi ávallt á því að passa barnabörnin. Frúin gæti í raun staðið fyrir allar þær hugmyndir sem samfélagið hefur til kvenna en hún hrósar happi yfir því að hafa einungis eignast stráka svo hún þurfi ekki að standa í sama veseni og móðir Ingu. Þegar móðirin segir frúnni hinsvegar að Inga og faðir barnsins, Ingólfur, séu trúlofuð, birtir yfir með frúnni. Móðirin segir ástæðuna fyrir því að hún sé að passa þá, að Inga sé að klára stúdentinn. Þegar hún segir hinsvegar að Ingólfur sé í Háskólanum verður frúin yfir sig hrifin og óskar móðurinni í fyrsta skipti til hamingju, en það er tilkomið vegna þess að Inga hafi eingast svo góðan maka.⁵⁵

Þetta atriði er gott dæmi um það hvernig karlaveldið virkar en Inga er gagnrýnd fyrir það að hafa orðið ólétt á „vitlausum tíma“ og ekki er minnst einu orði á karlmanninn sem hluta af verknaðinum. Hún er hinsvegar samþykkt aftur þegar kemur í ljós að hún ætlar að giftast föðurnum og taka „réttu“ ákvörðun og fylgja hlutverki sínu eftir sem húsmóðir og eiginkona innan samfélagskerfisins.

Fjögur ár eru liðin frá seinasta atriði og sviðsmyndin nú heimili ungra hjóna úr stúdentastétt. Börnin eru orðin tvö, það eldra er strákur og það yngra stelpa. Inga bíður eftir því að Ingólfur komi með fréttir frá dagheimilinu um það hvort dóttir þeirra fái pláss. Hann hefur hinsvegar slæmar fréttir að færa því stúlkan fær ekki pláss fyrr en eftir eitt og hálf ár. Ástæðan er sú að Ingólfur er ekki einstæður faðir heldur giftur og búist er við því að móðirin geti verið heima að hugsa um barnið. Ekki er tekið með í reikninginn að Inga vilji halda áfram að læra og mennta sig í Háskólanum. Strákurinn sem er fjögurra ára er auk þess búinn að

⁵³ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknun?*, 14.

⁵⁴ Sama heimild, 15.

⁵⁵ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknun?*, 18.

missa sitt pláss á dagheimilinu því hvert barn fær einungis þrjú ár.

Inga finnur enga lausn á því hvernig hún getur haldið áfarm námi sínu í jarðfræði við Háskólann því þrátt fyrir að skilnaður yrði til þess að stúlkan kæmist á dagheimili, kæmist Inga ekki í námið því hún þyrfti að vinna fyrir sér og börnunum sínum. Hjónin standa því ráðþrota gagnvart lausn á vandamálinu en um leið og Inga nefnir skilnað við Ingólf gengur móðir hennar inn og verður skelkuð yfir þessu tali. Inga reynir þá að útskýra fyrir móður sinni hvernig þjóðfélagið virki og segir að það komist upp með svo margt á kostnað mæðra því það viti að mæðurnar myndu aldrei yfirgefa börnin sín.

INGA: [...] En móðir er minnisgóð á börn sín og þjóðfélagið notar sér þetta minni, það dýrkar það, eykur það, blæs það upp þangað til það er orðið stærra en móðirin sjálf og þegar svo er komið þá man hún ekkert annað [...]. Og að lokum er engin manneskja eftir í þessu móðurminni, þessari móðurmynd.

MÓÐIR: [Særð.] Jæja, manni eru aldeilis ekki vandaðar kveðjurnar. Maður er þá ekki lengur manneskja. Ég hef þá víst ekki meira að gera hér.

INGA: En mamma, þarna sérðu sjálf. Það er ekki einu sinni hægt að ræða þessi mál. Í fyrsta lagi af því að maður rekst alls staðar á mæður – það verður ekki þverfótað fyrir þeim - og í öðru lagi, fari maður að gagnrýna móðurhlutverkið, móðurdýrkunina, þá er maður um leið farinn að draga í efa sjálfan tilverurétt konunnar. Þá er ekkert eftir. Þú sjálf, bara farin ... horfin ... ef ég minnst á þetta. [...] Þeir gera ekki ráð fyrir að móðir geti verið manneskja eða manneskja móðir.⁵⁶

Þessar samræður mæðgnanna sýna rök Ingu fyrir því að um leið og konur giftast eða eignast börn hætti þær í raun að vera einstaklingar með rökræna hugsun og falli í staðinn undir litlausan fjölda mæðra og eiginkvenna sem haga sér allar eins. Þær gleymi sjálfinu og lifi fyrir það eitt að þóknast öðrum og vera til sýnis þegar við á.

Í sama atriði kemur einnig í ljós að móðirin hafði átt í erfiðleikum með að skilja hvers vegna hún fékk ekki örorkubætur eftir slys. Það var vegna þess að maðurinn hennar var sá eini sem talinn var hafa vinnu en hún vann einungis sem húsmóðir og þess vegna hafði hún engan rétt. Eina leiðin fyrir móðurina til þess að fá bætur var ef maðurinn hennar væri ekki fær um að stunda vinnu lengur. „INGA: Þarna sérðu, mamma, húsmóður er neitað um allt, örorkubætur, barnaheimili, sjálfstætt starfsval og sjálfsögð mannréttindi.“⁵⁷ Móðirin neitar hinsvegar að sjá það sem dóttir hennar predikar yfir henni og heldur áfram sama hugsunarhætti og áður.

Heimili hjónanna er á rúi og stúi, þvottur, bækur o.fl. liggur sem hráviði út um allt í lítilli íbúðinni. Inga er pirruð út í Ingólf sem kemur seint heim því hún ætlaði upp á safn að

⁵⁶ Sama heimild, 20.

⁵⁷ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknun?*, 18-22.

læra fyrir skólann. Hún er við það að gefast upp á öllu saman því alltaf er eitthvað sem kemur í veg fyrir að hún geti lært heima eða mætt í tíma. Barnapían er alltaf lasin, að því er virðist, og móðir Ingólfs hættir ekki að hringja í Ingu til að athuga hvort hún sé ekki örugglega að hugsa nógu vel um son sinn. Í móðurinnar augum kemur hans eigin vellíðan honum sjálfum ekkert við, það heyrir undir ábyrgð Ingu og móðurinnar.⁵⁸

Einmanaleiki og einangrun tengdamóðurinnar á eigin heimili virðist þarna koma í ljós en hjónin nefna það við hvort annað að hún hafi ekkert annað en þessar símhringingar til Ingu og eiginmann sinn til þess að hugsa um. Hún virðist ekki hafa neitt utan heimilisins sem hún getur leitað til. Einnig væri hægt að nefna stöðuga fjarveru barnapíunnar frá vinnu sinni sem dæmi um einangrun kvenna á heimilum sínum, þó sú einangrun sé af öðrum toga en hjá tengdamóðurinni. Svo virðist sem barnapían þurfi að sinna heimilisstörfum á sínu eigin heimili en það er a.m.k. gefið í skyn.

Ingólfur fær símhringingu frá yfirmanni sínum sem talar um það að ráða nýútskrifaða stúdínu til skrifstofustarfa sem yrði fljót að átta sig á vinnunni án þess þó að átta sig á eigin verðleikum. Þetta gera þeir til þess að spara launagreiðslur til hennar. Inga heyrir á samtal hans og gagnrýnir harðlega. Ingólfur neitar hinsvegar allri sök, segir að þetta sé ákvörðun yfirmanns síns, ekki geti hann sagt neitt við hann því þá myndi það bitna á honum sjálfum og fjölskyldunni. Ingólfur getur lítið gert sem undirmaður til þess að breyta samfélaginu segir hann. Auk þess segist hann vilja eignast nægan pening svo fjölskyldan geti flutt í betra húsnæði og eignast betri hluti. Í þessum þætti kemur getuleysi eiginmannsins í ljós gagnvart efnahagskerfi landsins en hann er aðeins það þeirra sem eru við stjórnvölin.

Hjónin halda áfram að ræða saman og Ingólfur reynir að sannfæra Ingu um það að minnka allt þetta álag og erfiði sem hún er að leggja á sig með aukanáminu. Hann vill að henni líði vel og segir að hún þurfi í raun ekkert að vinna, hann sjái um það. Hann þarf hana heima til þess að láta heimilið líta vel út og hugsa um börnin. Hann segir að öllum liði betur ef húsið væri hreint.⁵⁹ Inga byrjar þá að taka til bækurnar og hvörf verða í leikritinu þar sem Inga gefst upp á baráttu sinni fyrir eigin menntun og framtíð. Barátta hennar fyrir því að vera metin að verðleikum sem manneskja verður að engu en hún finnur ekki leið út úr húsmóðurhlutverkinu. Hún hverfur inn í litlausan fjölda húsmæðra og eiginkvenna, einangruð inni á heimili sínu og sýnileiki hennar sem manneskja með hlutverk í hinu opinbera lífi hverfist yfir í ósýnileika.

⁵⁸ Sama heimild, 26.

⁵⁹ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknun?*, 30.

INGÓLFUR: Inga, ég vil bara að þér líði vel. Auðvitað ræðurðu sjálf hvað þú gerir ...

INGA: Nei, ég ræð engu. Ég er á valdi lagabókstafa, reglugerða, duttlunga og fordóma, sem í tímans rás hafa laumað á sig dulargervi náttúruögmála. Ég er jafnmikið náttúruferirbæri og jörðin sem mig langar til að kanna, nema ég hef ekki víðáttur stjörnugeimsins til að snúast í. Ég snýst hér.⁶⁰

Fljótlega eftir að Inga tekur saman námsbækurnar flytur fjölskyldan í glænýtt hús. Hjónin standa í ríkmannlegri stofu þar sem þau bíða eftir viðskiptafélögum Ingólfs sem þau hafa boðið til veislu. Inga segist hafa verið boðin í klúbb fyrir húsmæður með stúdentspróf þó hún hefði heldur viljað vera boðin í klúbbinn fyrir háskólamenntaðar húsmæður. Ingólfur segir henni ekki að hafa áhyggur af þessu, hún hafi valið góða hlutann.

INGÓLFUR: [...] Ég ætlaði bara að hrósa þér fyrir ... fyrir þinn hlut í þessu, fyrir veizluna, fyrir heimilið ... Þessir útlendingar leggja nefnilega mikið upp úr því, hvernig einkalíf manns kemur fyrir sjónir. Þeir fá traust á manni sem bisnessmanni, ef maður á myndarlega konu og fallegt heimili. Það er forstjórafrúin, Inga ... forstjórafrúin, sem er líftaug hvers fyrirtækis. Og heimilið ... heimilið er hornsteinn þjóðfélagsins. Og þetta er ekki úr Biblíunni. Þetta er ... þetta er íslenskt gullaldarmál. Hornsteinn þjóðfélagsins.

INGA: Og hvað er í blýhólknum?

INGÓLFUR: ha?

INGA: Þeir láta stundum blýhólka í hornsteinana, er það ekki?

INGÓLFUR: Jú ...

INGA: Og hvað er í þessum blýhólkum?

INGÓLFUR: Eitthvað til minja ... um bygginguna, býst ég við. Eitthvað sem hefur sögulegt gildi, nú eða einhver verðmæti.

INGA: Svo múra þeir yfir?

INGÓLFUR: Já.

INGA: Og þessi verðmæti, þau sjá aldrei aftur dagsins ljós?

INGÓLFUR: Nei, ekki nema í landskjálftum, kannski.

INGA: Og hér á Íslandi er allt byggt úr járnbentri steinsteypu. Hér hrynur aldrei neitt.⁶¹

Í þessu samtali hjónanna kemur í ljós hvað er raunverulega í blýhólknum en það er sjálf húsmóðirin. Samtalið undirstrikar einnig meginatriði verksins sem grundvallast í kringum ósýnileika konunnar í samfélaginu og þá fölsku ímynd að konan mikilvæg, þegar hún er í rauninni alls ekki metin að verðleikum. Þegar kona gengst í hjónaband byrjar hún líf sitt í nýju hlutverki sem húsmóðir. Hún verður mikilvægur hlekkur í fjölskyldueiningunni sem ókeypis vinnuafli og heimilislífið heltekur allt sem hún gerir. Við þessa innlimun húsmóðurinnar við

⁶⁰ Sama heimild.

⁶¹ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknum?*, 33-34.

heimilið einangrast hún og hverfur frá hinu opinbera lífi og hættir að taka þátt og vera sýnileg úti í samfélaginu. Eins og leiklistarfærðingurinn Sue-Ellen Case bendir á er hægt að rekja þessa aðgreiningu konunnar frá almennri þáttöku í samfélaginu allt til forn-Grikklands. Konur þar voru einskorðaðar við heimilið sem tengt var líkamlegum þörfum einkalífsins og því útilokaðar frá pólitískum og samfélagslegum ákvörðunum sem og menningarlífinu. Allt var það tengt vitsmunum og hreinleika sálarinnar sem aðeins karlmenn gátu öðlast.⁶² Vegna afstöðu forn-Grikkja til vitsmunalegra gáfna kvenna og vöntun þar á, telja femínískir sagnfræðingar að konur hafi verið útilokaðar frá þáttöku og áhorfi á leiksýningum.⁶³ Þær fengu fá tækifæri til að tjá sig opinberlega og greina frá eigin reynslu. Þessi útilokun kvenna frá hinum opinbera vettvangi í Grikklandi var aðeins upphafið að kúgun þeirra í gegnum aldirnar og skorti á sýnileika í sögu mannkynsins.

Stór hluti af verki Svövu snýst því í grunninn um að gefa konum málefnalega og rökvísa rödd innan samfélagsins svo mark verði tekið á þeim. Markmiðið er að konur fái loks opinbera framsetningu á kvenkynskaracter sem þær geti tengt við en haldi ekki áfram að vera grafnar niður með blýhólknunum. Eftir þennan stóra yfirlýsingarpunkt leikverksins, þar sem stöðu íslensku húsmóðurinnar í samfélaginu er skellt sem blautri tusku framan í áhorfendur sem einu vanmetnasta starfi þjóðarinnar, reynir Ingólfur að skipta um umræðuefni svo losni um óþægilegt andrúmsloftið. Þar með er þessum samræðum hjónanna lokið en eitthvað hafa þær skilið eftir sig hjá Ingu því þegar gestir veislunnar, hjón með unglingsdóttur, koma loks inn fyrir sér Inga von í stúlkunni sem klædd er í öfgafullan hippabúning. „INGA: [*Gleymir sér og gengur til stúlkunnar.*] En mér skildist að þið ætluðuð að breyta ... þið unga fólkið. [*Grípur í handlegg ungu stúlkunnar.*] Einhver verður að gera það.“⁶⁴ Fát kemur á gestina og faðirinn skilar stúlkunni aftur inn í bílinn en Inga biðst afsökunar.

Dóttir Ingu er komin á þann aldur að hún er farin að þrjóna þvottapoka fyrir handverkssýningu í skólanum. Inga áttar sig á því að ekkert hefur breyst frá því hún var ung, hún noti ekki einu sinni þrjónaða þvottapoka. Inga segir dóttur sinni að hætta að þrjóna en í sömu senu kemur í ljós að Ingólfur er dáinn. Meðeigendur Ingólfs koma í heimsókn en þeir tilkynna Ingu að Ingólfur hafi verið stórskuldugur og hún hafi ekki rétt á neinu nema fæði, klæðum og húsaskjólí. Nánast allslaus reynir Inga að næla sér í starf sem kennslukona en hún er með gamalt kennarapróf. Mögulega gæti hún haft áhrif á komandi kynslóðir? Nýútskrifuð stúdína er hinsvegar valin framyfir Ingu en skólastjórinn gefur í skyn að prófið hennar og hún

⁶² Sue-Ellen Case, *Feminism and Theatre*, 9.

⁶³ Sama heimild, 18.

⁶⁴ Svava Jakobsdóttir, *Hvað er í blýhólknun?*, 35.

sjálf séu orðin of gömul. Inga á því engra annarra kosta völi en að snúa aftur til síns fyrsta starfs í sparisjóðnum sem afgreiðslukona. Forstjórafrúin er dáiin.⁶⁵

Leikritið endar því á sama stað og það byrjar, á Ingu starfandi í bankanum. Í loka-einræðu sinni veltir Inga fyrir sér hvað hún hafi gert rangt til þess að enda aftur í bankanum. Frá því hún var nýútskrifaður stúdent, ung kona á uppleið sem ætlaði aðeins að vinna þarna tímabundið svo hún gæti stefnt að því ævistarfi sem hún óskaði sér. Inga segist hiklaust vilja giftast aftur til þess að þurfa ekki að hafa sífelldar áhyggjur fjárhagslega en þá brýtur hún fjórða vegginn í leikritinu, bendir á einhvern karlmann í áhorfendasalnum og spyr hvort hann hefði eitthvað á móti því að giftast henni.

Ég reyni að eiga fyrir lagningu einu sinni í viku. Því skyldi ekki einhver vilja mig? Kannski þú? [*Bendir á einhvern karlmann í áhorfendabekk.*] Ég get að vísu ekki lofað þér ást, en ég get eldað matinn handa þér, pressað buxurnar þínar og sofið hjá þér – gerirðu þig ánægðan með það?

[*Kastljósið lýsir upp spyrjandi andlit hennar, helzt svo lengi að viðkomandi karlmaður náði því að fara hjá sér, svo og áhorfendur allir.*]⁶⁶

Lokaniðurstaðan í verkinu er sú að hið samfélagslega kerfi er gallað en það kemur ólíkt fram við fólk eftir kyni. Konunni eru ekki gefin jöfn tækifæri á við karlmanninn og ótal hlutir standa í vegi fyrir því að hún geti séð um sig sjálf og orðið sjálfstæð manneskja. Efnahagskerfið byggir á því að konur giftist og haldi sig heima til að hugsa um börnin svo karlmaðurinn geti gengið til vinnu. Þannig einangrast konur hinsvegar á heimilum sínum og hverfa úr hinu opinbera lífi svo reynsluheimur þeirra helst hulinn innan veggja heimilisins. Ímynd konunnar er því að stórum hluta til sköpuð af karlmanninum út frá hans forsendum. Þannig hefur sú hugmynd þróast að konan vilji halda sig heima og það sé í eðli hennar að vinna heimilisverkin, einfaldlega því það gagnast hinu kapítalíska karlaveldi.

Ævi Ingu og barátta endurspeglar hina raunverulegu baráttu íslenskra kvenna kringum 1970 fyrir jafnrétti kynjanna og ákall um nauðsynlegar breytingar á samfélaginu. Greinilegt er að vitundarvakning hefur átt sér stað í samfélaginu eftir að verkið Hvað er í blýhólknunum? kom út en viðtökurnar létu ekki á sér standa.

⁶⁵ Sama heimild, 41.

⁶⁶ Sama heimild, 42.

4. Viðtökurnar á leikritinu

Eftir áhrifaríkt leikrit með mikinn boðskap um mikilvægi þjóðfélagslegra breytinga, ætti ekki að koma á óvart að viðtökurnar á verkinu hafi verið jafn miklar og þær voru. Sérstaklega á tímum nýrra strauma og byltinga í kvenréttindamálum. Ólafur Jónsson skrifaði ítarlegan leikdóm um *Hvað er í blýhólknun?* árið 1970 í grein sinni „Kúgun kvenna“ og telst hann nokkuð jákvæður.

Leikurinn er dæmileikur, heldur fram skoðun, studdri rökum og upplýsingum, ætlun hans að örva til umhugsunar og umræðu og hrófla við fordómum og vana hugsun. Gildi hans sem slíks stafar ekki hvað sízt af því hve algengt og nærtækt áhorfendum efni hans er, og þegar þess vegna væri hann tilvalinn inngangur að umræðum um „stöðu kvenna“ og önnur þau þjóðfélagsmál sem slíkt umræðuefni hefur í för með sér. Að mínu viti ætti að gefa öllum framhaldsskólum kost á því að sjá sýningu Grímu, ekki í því skyni að ná aðgangseyri af unglíngunum, heldur í fylgd með kennurum sínum og öðru fullorðnu fólki til að ræða á eftir í fullri alvöru efni leiksins.⁶⁷

Ólafur virðist styðja boðskap leikritsins en hann kemur inn á afar mikilvægan punkt í gagnrýni sinni þegar hann nefnir að allir framhaldsskólanemar ættu að fara á sýninguna. Krafan um breytingar innan þjóðfélagsins sem leikrit Svövu miðlar með svo afgerandi hætti hefur því greinilega haft áhrif á leikhúsgagnrýnendur sem og almenning.

Þorvarður Helgason sem gagnrýndi verkið í *Morgunblaðinu* árið 1970 skrifaði: „[...] vegna dókúmentasjónsformsins fá persónurnar aldrei mikla dýpt, verða ekki einu sinni týpur, aðeins sviplitlar málpípur höfundarins.“⁶⁸ Hann segir jafnframt að leikritið sé ekki mikið meira en yfirlits-dókúment um sorglega ævi íslenskrar nútímakonu og þar með sé kjarni verksins kominn. Þrátt fyrir að gagnrýni Þorvarðs sé ekki sú jákvæðasta í garð leikritsins endar hann á þeim orðum að verkið sé „áhrifamikið inlegg í debatt dagsins og því forvitnilegt fyrir alla, sem fylgjast og vilja tala með.“⁶⁹

Sumir gagnrýnendur virtust þó skilja betur hverju Svava var að reyna að ná fram með leikriti sínu en Ásgeir Hjartarson skrifar í leikdómi sínum um verkið:

Mannlýsingar í venjulegum skilningi eru yfirleitt láttnar lönd og leið og sízt af öllu reynt að kafa í djúp sálarlífsins; Svava Jakobsdóttir veit mætavel hvað hún er að gera. Staða konunnar í dag er efni leiksins, og skáldið berst fyrir alkunnum stefnumálum hinnar nýju kvenréttindahreyfingar með hnúum og hnefum, lífi og sál.⁷⁰

⁶⁷ Ólafur Jónsson, „Kúgun kvenna,“ 7.

⁶⁸ Þorvarður Helgason, „Hvað er í blýhólknun?,“ 10.

⁶⁹ Þorvarður Helgason, „Hvað er í blýhólknun?,“ 10.

⁷⁰ Ásgeir Hjartarson, „Hvað er í blýhólknun?,“ 6.

Áhrifin frá femíníska leikritinu *Hvað er í blýhólknunum?* voru víðtæk, sérstaklega á árunum 1970-1971. Því er auðvelt að gera sér í hugarlund að viðtal *Tímans* árið 1971 við 34 ára gömlu húsmóðurina Hönnu Maríu Gunnarsdóttur hafi verið tekið vegna umræðunnar sem fylgdi í kjölfar verksins. Hanna virðist eiga furðu margt sameiginlegt með aðalpersónu leikritsins, Ingu. Þær eru báðar á svipuðum aldri þegar þær hætta í skóla og eignast sitt fyrsta barn, en vegna þess verða þær að gefa námið upp á bátinn og einbeita sér einvörðungu að heimilislífínu. Hanna sýnir hinsvegar vilja til þess að fara í nám, eins og Inga, því hún stekkur á tækifærið um leið og það býðst henni. Sextán ár hafa hinsvegar liðið af ævi hennar síðan hún sat síðast við skólabekk, á þeim árum vann hún aðallega heima við en utan þess af og til.⁷¹ Í viðtalinu er Hanna spurð ýmissa spurninga t.d. um skoðanir hennar á útivinnandi konum og menntun þeirra en hún segir mikilvægt fyrir konur að velja sér vinnu sem þær hafa áhuga á svo þær finni fyrir sjálfstæði og öryggi. Hún segir einnig að skilningur fólks sé að aukast fyrir þessum málum. Hanna segir nauðsynlegt fyrir konur að læra eitthvað svo þær verði öruggari um afkomu sína en hjónaband sé ekki næg trygging nú til dags.⁷²

Þessar og fleiri skoðanir Hönnu sem koma fram í viðtalinu um mikilvægi menntunar fyrir konur, ríma vel við skilaboðin sem Inga miðlar í leikritinu *Hvað er í blýhólknunum?* en Hanna minnst á leikritið þegar hún er spurð út í það hvernig ástatt sé í samfélaginu fyrir konur sem vilja fara út í nám eða starf.

Ég tek undir við leikritið hennar Svövu Jakobsdóttur, *Hvað er í blýhólknunum?* Áður en ég sá það í vetur, hafði ég þó ekki áttað mig á hve það eru mörg atriði, sem eru því til hindrunar, að kona velji sér sjálfstætt starf.⁷³

Ekki er trúlegt að viðtal við „venjulega“ húsmóður á Íslandi hafi oft ratað í dagblöðin fyrir árið 1971 en viðtalið við Hönnu hefur eflaust verið afar þýðingarmikið á sínum tíma fyrir kvennabaráttuna sem og hvetjandi fyrir húsmæður sem vildu ef til vill snúa aftur í skólann eftir margra ára fjarveru. Vert er hinsvegar að minnast á fyrirsögn viðtalsins, „Ég er sjálf ánægðari og þá hugsa ég að aðrir á heimilinu séu það líka?“ en þrátt fyrir það að Hanna sé að brjótast út úr samfélagslegu hlutverki, þá er gefið í skyn í fyrirsögninni að hlutverk hennar sé fyrst og fremst að gera aðra á heimilinu ánægða. Svo virðist sem hún sé ekki enn til bara fyrir sjálfa sig. Þrátt fyrir það að fyrirsögnin gefi til kynna að viðhorf almennings ætti eftir að breytast til muna, hefur einhver vitundarvakning í samfélaginu átt sér stað. Á því hefur verið brýn nauðsyn ef tekið er mark á þeirri könnun sem þrír nemendur við þjóðfélagsfræðideild

⁷¹ SJ, „Ég er sjálf ánægðari og þá hugsa ég að aðrir á heimilinu séu það líka?“, 15.

⁷² Sama heimild.

⁷³ Sama heimild.

Háskólans stóðu fyrir meðal leikhúsgesta á sýningunni *Hvað er í blýhólknunum?*

Nemendurnir þrír sem yfirumsjón höfðu með könnuninni, hétu Eiríkur Brynjólfsson, Jón Kristjánsson og Pétur Þorsteinsson. Þeir unnu svörin út frá spurningarlista sem þeir lögðu fyrir áhorfendur eftir fyrstu tíu sýningarnar en tilgangurinn var að kanna samsetningu hópsins svo sem aldur, kynjaskiptingu og þjóðfélagsstöðu. Einnig könnuðu þeir viðhorf leikhúsgesta til þeirra málefna sem tekin voru fyrir í verkinu og hvort ákveðin viðhorf væru einkennandi fyrir einstaka þjóðfélagshópa. Spurningarnar í könnuninni voru tólf talsins en seinustu fjórar snérust um skoðanir og álit fólks á mismunandi samfélagslegum athugunum.

Niðurstöðurnar úr spurningu númer níu, sem hljóðaði svona: „Álítið þér að konum sé fremur en karlmönnum eðlislægt að sinna heimilisstörfum?“ töldust með þeim athyglisverðari en hún undirstrikar eina af þeim mikilvægari spurningum sýningarinnar. 911 manns svöruðu spurningarlistanum 65,2% konur og 34,8% karlar. Þar sem leikritið fjallaði um efni nátengt konum gátu þeir sem gerðu könnunina sér rétt til um að stærra hlutfall áhorfenda á sýningunni væru konur en var venjan. Í könnun Þorbjarnar Broddasonar hafði áður komið fram annarsstaðar að konur væru yfirleitt í meirihluta meðal leikhúsgesta.⁷⁴ Svörin við níundu spurningunni voru sem hér segir:

479 (52,6%) töldu konum ekki eðlislægara en karlmönnum að sinna heimilisstörfum, 379 (41,6%) töldu að svo væri, 53 svöruðu ekki þessari spurningu (5,8%). [...] 156, eða 49% karla svöruðu spurningunni játandi, 142, eða 44,8% neitandi og 19, eða 6% svöruðu ekki. Alls svara 223 konur spurningunni játandi (37,5%) og 337 neitandi (56,7%), 5,7% svara ekki.⁷⁵

Nemendur voru með hæsta hlutfall þeirra sem svöruðu neitandi, eða 62,6%. Það mátti mögulega skýra með því að þeir væru yfirleitt í yngri aldursflokkum en um 50,6% gesta á sýningunni voru 16-30 ára. Húsmæður voru meðal þeirra stöðuhópa sem komu út með lægsta neihlutfallið en 35,3% þeirra svöruðu spurningunni neitandi og 59,4% svöruðu játandi. Eftir stóðu þá 5,3% sem svöruðu ekki. Í athugasemd rannsakendanna þriggja nefndu þeir mögulega ástæðu fyrir þessu að húsmæðurnar væru yfirleitt í eldri aldurshópi, þó það nægði naumast til fullkominnar skýringar. Þessar niðurstöður leiddu einnig í ljós mikilvægi þess að viðhorf fólks breyttist gagnvart stöðu kvenna í samfélaginu sem prédikað var um í *Hvað er í blýhólknunum?* Spurningar könnunarinnar komu einnig inn á pólitíkina en í tólftu spurningu var spurt hvaða flokk fólk myndi kjósa ef efnt yrði til kosninga daginn eftir sýninguna. Í athugasemd könnunarinnar var athygli vakin á því hversu stórt hlutfall þeirra sem kusu Alþýðubandalagið mættu á sýninguna á móti þeim minnihluta sem kaus Sjálfstæðisflokkinn.

⁷⁴ RH, „Er konum fremur en körlum eðlislægt að sinna heimilisstörfum?“, 3.

⁷⁵ Sama heimild.

Um 290 manns eða 32,1% kusu Alþýðubandalagið en einungis 164 eða 18% kusu Sjálfstæðisflokkinn. Þremmingarnir töldu að möguleg ástæða þessarar niðurstöðu væri sú að róttækir menn í þjóðfélagsmálum hefðu meiri áhuga á viðfangsefni verksins en aðrir.⁷⁶

Áhugavert er einnig að sjá að hlutfallslega fleiri karlar en konur svöruðu tólfu spurningunni og gáfu upp flokkspólítíska afstöðu sem gefur mögulega innsýn inn í litla þáttöku kvenna í pólitík. Þegar svör fólks sem kaus Alþýðubandalagið voru borin saman við svör þeirra um hvort konum væri eðlislægara að vinna heimilisstörfin en körlum kom í ljós að 74,2% þeirra svöruðu spurningu númer níu neitandi en aðeins 20,2% svöruðu játandi. Líklega hafa þetta verið ánægjulegar niðurstöður fyrir Svövu sjálfa sem var einmitt kosin inn á þing þetta sama ár sem meðlimur Alþýðubandalagsins. Hinsvegar svöruðu 68,9% Sjálfstæðisflokksmanna spurningu núu játandi og 26,8% neitandi.⁷⁷

Athyglisvert er að skoða niðurstöður þessarar könnunar þrátt fyrir að aðeins lítill hluti þjóðarinnar hafi tekið þátt. Hún er þó sönnun þess að mikil umræða hafi skapast um viðfangsefnið og spurningar kviknað sem lítið höfðu verið ræddar áður fyrr. Aðspurðir hvers vegna þremmingarnir hafi gert þessa könnun, svöruðu þeir:

Leikritið hefur talsverða sérstöðu meðal þeirra leikrita sem sýnd hafa verið í Reykjavík í vetur. Það er sýnt af tilraunaleikhúsi, það er fyrsta leikhúsverk þekkt íslenskrithöfundar, og síðast en ekki sízt, það er „dokumentarískt“ verk sem fjallar um mál sem hefur verið mjög ofarlega á baugi undanfarið: stöðu konunnar í íslensku nútíma samfélagi.⁷⁸

Eflaust hafa ívið fleiri blaðagreinar, gagnrýnir og útvarpsviðtöl fjallað um leikritið og möguleg áhrif þess á kvennabaráttuna en tekið er fram í þessum stutta kafla. Reynt hefur þó verið að gefa einhverja mynd af þeim ólíku viðbrögðum almennings við leikritinu. Athyglisvert var að sjá hversu mjótt var á munum skoðana fólks við spurningunni um eðli kvenna og heimilisstörfin. Viðhorfi fólks þurfti greinilega að breyta en niðurstöður könnunarinnar undirstrikuðu mikilvægi verks eins og *Hvað er í blýhólknunum?* sem krafðist þjóðfélagslegra breytinga. Í leikdómi sínum um verkið skrifaði Ólafur Jónsson um mikilvægi verksins í tengslum við fræðslu ungs fólks um stöðu kvenna í samfélaginu. Einhversstaðar þarf að byrja til þess að samfélagið breytist og sýning eins og *Hvað er í blýhólknunum?* er góð ádeila á samfélagið sem stuðlar að breyttu viðhorfi og nýrri þjóðfélagsmynd framtíðar.

⁷⁶ RH, „Er konum fremur en körlum eðlislægt að sinna heimilisstörfum?“, 3.

⁷⁷ Sama heimild.

⁷⁸ Sama heimild.

7. Lokaorð

Konur nútímasamfélagsins á Íslandi njóta nú góðs af þeirri baráttu sem formæður þeirra háðu ekki fyrir löngu. Þær hafa komist langt í jafnréttismálum miðað við margar aðrar þjóðir en á Íslandi hefur kona meðal annars verið forseti og forsætisráðherra. Rekja má þessa velgengni kvenna allt til upphafs Rauðsokkahreyfingarinnar sem Svava Jakobsdóttir tók virkan þátt í eins og sjá má með verki hennar *Hvað er í blýhólknunum?*

Svava tók mikinn þátt í því að stuðla að sýnileika kvenna í samfélaginu og menningarlífinu. Konur höfðu rödd en vantaði góðan vettvang til að tjá sig sem og rétta framsetningu á eigin reynsluheimi sem yfirleitt var sýndur út frá sjónarhorni karlmannsins. Með höfundarverki sínu skapaði Svava því nýjan heim þar sem konur gátu tengt við örlög kvenna í sögum og leikritum og vitnuðu þær jafnvel í hina ýmsu texta hennar, málum sínum til stuðnings. Baráttu kvenna fyrir því að vera sýndar út frá eigin forsendum í menningarlífinu er hinsvegar ekki lokið ennþá og þurfa þær stöðugt að minna á sig í hinu opinbera lífi samfélagsins. Sem betur fer virðist samfélagið hinsvegar nógu upplýst í dag til þess að takast á við það misrétti sem enn er til staðar. Sviðsverk eiga mikinn þátt í því að upplýsa og koma með ný sjónarhorn á ýmis málefni samfélagsins en vonandi verður lestur ritgerðarinnar hvati að því að sviðsverk Svövu hljóti þá viðurkenningu sem þau eiga skilið sem áhrifavaldar síns tíma.

Heimildaskrá

- Auður Hildur Hákonardóttir. „Konan sem stendur bak við eldavélina þína gæti verið Rauðsokka.“ Í *Á rauðum sokkum: Baráttukonur segja frá*, ritstýrt af Olgu Guðrúnu Árnadóttur, 27-56. Reykjavík: Háskólaútgáfan; Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, 2011.
- Árni Ibsen. „Leikritun eftir 1918.“ Í *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstýrt af Guðmundi Andra Thorssyni, 177-311. Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- Ásgeir Hjartarson. „Hvað er í blýhólknunum?“ *Þjóðviljinn* 19. nóvember 1970: 6. Sótt 7. sept 2020. <https://timarit.is/page/2825873#page/n5/mode/2up>
- Case, Sue-Ellen. *Feminism and Theatre*. Basingstoke: Palgrave, 1988.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Frelsi og öryggi: um sögur Svövu Jakobsdóttur og íslenska kvennahreyfingu.“ B.A.- ritgerð, Háskóli Íslands, 1974. <http://hdl.handle.net/10802/9160>
- Dagný Kristjánsdóttir. „Um leikdóma og sleggjudóma.“ *Þjóðviljinn* nóvember 1976: 5. Sótt 7. sept 2020. <https://timarit.is/page/2852673#page/n3/mode/2up>
- Guðrún Hallgrímsdóttir. „Við neituðum að ganga inn í hefðina.“ Í *Á rauðum sokkum: Baráttukonur segja frá*, ritstýrt af Olgu Guðrúnu Árnadóttur, 61-88. Reykjavík: Háskólaútgáfan; Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, 2011.
- Hlín Einarsdóttir. „Það eru leikhúsin sem ala upp públikum: Listræn stefna og verkefnaval leikhópsins Grímu 1961-1970.“ M.A.-ritgerð, Háskóli Íslands, 2009. <http://hdl.handle.net/1946/2749>
- Ólafur Jónsson. „Kúgun kvenna.“ *Vísir* 13. nóvember 1970: 7. Sótt 7. sept 2020. <https://timarit.is/page/3235864#page/n5/mode/2up>
- Ólafur Jónsson. „Ó, ó, ó, stelpur.“ *Vísir* 13. maí 1974: 9. Sótt 7. sept 2020 <https://timarit.is/page/3254002#page/n0/mode/2up>
- Pétur Már Ólafsson. „Leigjandinn á Lokaæfingu.“ Í *Kona með spegil*, ritstýrt af Ármanni Jakobssyni, 176-186. Reykjavík: JPV útgáfa, 2005.
- R.H. „Er konum fremur en körlum eðlislægt að sinna heimilisstörfum?“ *Þjóðviljinn* 28. mars 1971: 3. Sótt 7. sept 2020. <https://timarit.is/page/2827263#page/n5/mode/2up>
- S.J. „Ég er sjálf ánægðari og þá hugsa ég að aðrir á heimilinu séu það líka?“ *Tíminn* Blað II, 11. júlí 1971: 15. Sótt 7. sept 2020. <https://timarit.is/page/3695734#page/n1/mode/2up>
- Soffía Auður Birgisdóttir. „Lífið, leitin, listin.“ Í *Kona með spegil*, ritstýrt af Ármanni Jakobssyni, 14-25. Reykjavík: JPV útgáfa, 2005.
- Solga, Kim. *Theatre and Feminism*. Basingstoke: Palgrave, 2016.
- Svava Jakobsdóttir. *Hvað er í blýhólknunum?*. Reykjavík: Skrudda, 2003.
- Svava Jakobsdóttir. *Lokaæfing*. Reykjavík: Iðunn, 1983

- Valdimar H. Jóhannsson. „Komdu þá með bankabókina.” *Vísir* 22. mars 1971: 16. Sótt 7. sept 2020. <https://timarit.is/page/3237602#page/n15/mode/2up>
- Vilborg Sigurðardóttir. „Inngangur.“ Í *Á rauðum sokkum: Baráttukonur segja frá*, ritstýrt af Olgu Guðrúnu Árnadóttur, 11-21. Reykjavík: Háskólaútgáfan; Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, 2011.
- Willett, John. ritstj. *Brecht on theatre*. London: Methuen, 1978.
- Þorvaldur Helgason. „Hvað er í blýhólknunum?” *Morgunblaðið* 17. nóvember 1970: 10. Sótt 7. sept 2020. <https://timarit.is/page/1416352#page/n9/mode/2up>